



Skyggnilýsingarfundur

Skúli Lórenzson miðill verður með skyggnilýsingarfund í húsi félagsins að Víkurbraut 13 í Keflavík, sunnudaginn 12. mars kl. 20:30. Húsið opnar kl. 20:00, aðgangseyrir er kr. 1000,-



Stjórnin

Húsnæði í Grindavík

Fjölskylda óskar eftir húsnæði í Grindavík reglusemi og skilvísun greiðslum heitið. Reyklaus. Upplýsingar í síma 6978889



REYKJANESBÆR

FRAMKVÆMDAÞING 2006

YFIRLIT HELSTU FRAMKVÆMDA

Bæjarstjórinn í Reykjanesbæ boðar til framkvæmdaþings fimmtudaginn 9. mars kl. 17:00 - 19:00.

Þetta er þriðja árið sem slíkt þing er haldið þar sem kynntar eru helstu verkframkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á árinu 2006 í landi Reykjanesbæjar og á Keflavíkurlugvelli.

Kynntar verða framkvæmdir á vegum Reykjanesbæjar og Fasteignar hf.

Auk þess verður fjallað um framkvæmdir vegna alþjóðaflugvallar á Keflavíkurlugvelli, framkvæmdir Hitaveitu Suðurnesja og byggingarframkvæmdir á nýjum íbúa- og atvinnusvæðum.

Fulltrúar Norðuráls kynna stöðu undirbúnings að álveri í Helguvík.

Þá hefur stærstu verktökum á svæðinu verið boðið að kynna eigin framkvæmdir.

Þingið verður haldið á veitingahúsinu Ránni við Hafnargötu 19a og er öllum opið.

Bæjarstjóri.



...reykjanesbaer.is



Merkar fornmenjar finnast í ferð FERLIRs

Merkar fornmenjar fundust í ferð FERLIRs í Sundvörðuhrauni og Eldvörpum um síðstiðna helgi. Þar gekk Óskar Sævarsson, einn göngumanna og ferðamálafulltrúi Grindavíkurbæjar, fram á byrgi eitt þakið mosa og illgreinilegt. Tilgangur ferðarinnar var að skoða svonefnd útilegumanna-byrgi í Sundvörðuhrauni og nýfundinn „útilegumannahelli“ í Eldvörpum og skoða, leita og

uppgötva áður óþekktar minjar. Byrgin eru ósnert með öllu og því verður þetta að teljast bæði merkilegur og ánægjulegur fundur er gæti hugsanlega orðið til að hjálpa til við að skýra tilgang þeirra og aldur. Þar sem enn á eftir að rannsaka byrgin betur verður ekki gefinn upp staðsetning þeirra, a.m.k. um sinn. Nánari umfjöllun má finna á Ferlir.is

Náttúruafl í DUUS

Sýningin Náttúruafl verður opnuð á Listasafni Reykjanesbæjar föstudaginn 10. mars kl. 18.00.

Á sýningunni getur að líta marga ólíka tjáningarmiðla, málverk og skúlptúra, vefnað og grafíkmyndir eftir íslenskar konur; þær Ásgerði Búa-dóttir, Brynhildi Þorgeirsdóttir, Guðmundu Andrésdóttir, Hafðisi Ólafsdóttir, Hildi Hákonardóttir, Júlíönu Sveinsdóttir, Nínu Tryggvadóttir, Ragnheiði Jónsdóttir Ream, Sigríð Valtingojer, Valgerði Hauksdóttir og Þorbjörgu Höskuldsdóttir. Verkin eru í eigu Listasafns Íslands og sýningarstjóri er Harpa Þórsdóttir. Sýningin er í sýngarsal Listasafns Reykjanesbæjar í Duushúsum og er opin alla daga frá 13:00 til 17:30 og stendur til 23. apríl.



Fasteignasala G.O.

Hafnargötu 79, Keflavík

sími: 421 8111 • fax: 421 4172

www.fasteign.com. fasteign@fasteign.com

Gunnar Ólafsson lg.fs. • Randver Ragnarsson sölustjóri



Hjallavegur 7, Njarðvík
Góð 3 herbergja enda íbúð á jarðhæð 67m², nýleg eldhúsinnrétting, fataskápar og gólfefni. 10.800.000,-



Hlíðargata 44, Sandgerði
Mjög gott 131m², 5 herbergja einbýlishús á einni hæð. Gólfefni eru flísar og parket, ný eldhúsinnrétting og tæki. Stór og mikill sólpallur með heitum potti er við húsið. Uppl. á skrifstofu.



Hafnargata 73, Keflavík
3 herbergja, 72m² neðri hæð í tvíbýli með sér inngangi, eignin er í ágætu ástandi. 8.200.000,-



Faxabraut 27, Keflavík
3-4 herbergja íbúð á annarri hæð, 95m². Mikil endurnýjuð eign, m.a. ný gólfefni, nýjar innréttingar. 11.500.000,-



Nónvarða 3, Keflavík
Gott 6 herbergja, 145m² einbýlishús og bílskúr 52m², eignin skiptist í 5 svefnherbergja, sjónvarpshol, stofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Gólfefni eru flísar og parket. Uppl. á skrifstofu.



Austurbraut 6, Keflavík
Rúmgóð 5 herbergja 155m² efri sér hæð í góðu tvíbýli ásamt 41m² bílskúr. Búið er að klæða húsið að utan með steni klæðningu. 21.400.000,-



Hafnargata 73, Keflavík
Góð 2-3 herbergja 77m² efri hæð í tvíbýli, með sér inngangi. Geymslur er yfir allri íbúðinni. 9.400.000,-



Vallargata 36, Sandgerði
Stórglæsilegt 4 herbergja, 105m² parhús og 33m² bílskúr. Þetta er eign sem hvergi hefur verið til sparað í innréttingar og gólfefni. Góður afgirtur sólpallur með heitum potti er á baklöd. 24.900.000,-



Hjallavegur 5, Njarðvík
3 herbergja íbúð á þriðju hæð, 81m², plastparket og dúkur á gólfum. Nýlega búið er að skipta um járn á þaki og mála blokkina að utan. 10.900.000,-

Svölutjörn Reykjanesbæ

Tvö einbýli í smíðum við Svölutjörn í Njarðvík. Húsin verða 172m² og bílskúr 32m². Vandað efnisval og vinnubrögð. Húsin verða afhent á byggingarstigi eftir óskum kaupanda, tilbúið til innréttinga eða fullbúið. Uppl. og teikningar á skrifst.